

Nr. 46/1894:

Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af ritstjóra Ísa-foldar Birni Jónssyni gegn ritstjóra blaðsins »Þjóð-viljinn ungi« sýslumanni Skúla Thoroddsen út af ummælum í 24. tölubl. 1893 síðastnefnds blaðs, er Björn Jónsson taldi meiðandi fyrir sig. Var dómur kveðinn upp í því máli í hjerði 13. júní 1894, og urðu þau úrslit málsins, að Skúli Thoroddsen var dæmdur í 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 10 daga einföldu fangelsi. Nokkur móðgandi ummæli í nefndri grein voru dæmd dauð og ómerk, og skyldi Skúli Thoroddsen greiða í málskostnað 10 kr.

Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. nóvember 1894, og hefur hann með henni jafnframt áfrýjað 2 úrskurðum, er kveðnir voru upp í málinu 27. marz og 26. apríl f. á. — Hefur hann fyrir yfirdómi krafizt fyrst og fremst: að úrskurðurinn 27. marz 1894 verði úr gildi felldur og undirdóm-arinn skyldaður til að víkja úr dómarasæti í máli þessu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd ómerk, en til vara, að úrskurðurinn 26. apríl 1894 verði úr gildi felldur, málinu heim vísað, og honum veittur hæfilegur frestur til að gagnstefna, en öll eptirfylgjandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmd

ómerk, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinir áfrýjuðu úrskurðir og undirrjettardómur verði staðfestir í heild sinni og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skaðlaust.

Helztu ástæður áfrýjanda fyrir því, að undirdómaranum hafi verið skylt að víkja úr dómarsæti, sem áfrýjandi krafðist, en sem undirdómarinn með úrskurðinum 27. marz f. á. neitaði að gjöra, eru, að málið hafi verið undirdómaranum *skylt*, þar sem hin átalda grein hafi verið svar upp á árásir gegn áfrýjanda í Ísafold út af framkomu hans og alþingis gagnvart undirdómaranum, að undirdómarinn hafi haft svo megnan óvildarhug til áfrýjanda, að það hafi verið skylda hans að víkja úr dómarsæti, að áfrýjandi hafi þurft að leiða dómarrann sem vitni í málinu.

Hin fyrst nefnda ástæða á ekki við neitt að styðjast; hvorki hin átalda grein í »Þjóðviljanum unga« nje grein sú í »Ísafold«, sem hún á að vera svar upp á, gefa nokkurt tilefni til að bendla dómarrann við mál þetta, og gat hann því ekki verið af þeirri ástæðu óhæfur (»inhabil«) til þess að dæma í málinu.

Hin önnar ástæða fyrir kröfunni um, að hjeradsdómarinn víki sæti, er sú, að hann hafi sýnt sig beran að fjandskap við áfrýjanda, og vitnar

áfrýjandinn í því efni til framkomu dómarans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeradsdómariinn fyrir rjetti í nóvembermánuði 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur skömmu áður en fyrirbyggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, að hann álitir hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, að heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, að hann hafi hlaðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi, að hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann borið áfrýjanda á brýn »götudrengjatilgátur«, kallað hann »laungáfadan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossbera«, »saklausu lambið«, »blessaðan sannleikspostula«, líkt honum við »iðrandi syndara« og kallað blað hans »götu- blað, og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans móti áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli vott um, að hann hafi borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð 27. marz 1894 og dæma

ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi úrskurður 27. marz 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 47/1894:

Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er hörðað í hjeraði af ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni gegn ritstjóra blaðsins »Þjóðviljans unga« sýslumanni Skúla Thoroddsen út af meðandi ummælum í 26. tölubl. nefnds blaðs, sem út kom í Reykjavík 31. ágústmán. 1893. Var málið dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 13. júní 1894 á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 25 kr. sekt til landssjóðs eða sæta 7 daga einföldu fangelsi, ýms meiðyrði í hinni átöldu grein dæmd dauð og ómerk, áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað og loks 10 kr. sekt, helminginn til landssjóðs og helminginn til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, fyrir ósæmilegan rithátt um umbodsmann stefnda, og voru hin móðgandi orð einnig ómerkt. Þessum dómi hefur